# Miðvikudagur 7. júní

SJÓNVARPIÐ

18.00 **Sumarglugginn.** Endursýndur þáttur frá sl. sunnudegi.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Poppkorn.** Umsjón Stefán Hilmarsson.
19.20 **Svarta naðran** (Blackadder). Fjórði þáttur. Breskur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Grænir fingur.** Þáttur um garðrækt í umsjón Hafsteins Hafliðasonar. Í þessum þætti er fjallað um pöddur og plágur sem herja á tré, runna og annan garðagróður.
20.45 **Vesalingarnir.** (Les Miserables Phenomenon). Bresk heimildarmynd um samnefndan söngleik. Sýnd eru brot úr sviðssetningum víða um heim og rætt er við aðstandendur verksins. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir.
21.40 **Kartúm** (Khartoum). Bandarísk kvikmynd frá 1966. Leikstjóri Basil Deardon. Aðalhlutverk Charlton Heston, Laurence Olivier, Ralph Richardson og Richard Johnson. Árið 1933 sendu Bretar Charles Gordon hershöfðingja til Kartúm, höfuðborgar Súdans, til að bæla niður uppreisn. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
23.00 **Ellefufréttir.**
23.10 **Kartúm – framh.**
23.55 **Dagskrárlok.**



STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Magnum P.I:** Thomas Magnum er fyrrverandi flotaforingi í bandaríska hernum sem gerist einkaspæjari á Hawaii. Aðalhlutverk: Tom Selleck og John Hillerman.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innslögum.
20.00 **Sögur úr Andabæ.** Skemmtilegar teiknimyndasögur. Alltaf með íslensku tali.
20.30 **Falcon Crest.** Bandarískur framhaldsmyndaflokkur.
21.25 **Bjargvætturinn.** Equalizer. Vinsæll spennumyndaflokkur.
22.15 **Tíska.** Svipmyndir frá sýningum á vor- og sumartískunni.
22.45 **Sögur að handan.** Tales From the Darkside. Hér bregður fyrir allskyns persónum og fyrirbærum úr raunverulegum og fjarstæðukenndum sögum að handan eftir þekkta höfunda svo sem Stephen King.
23.10 **Svartir sauðir.** Flying Misfits. Sannsöguleg mynd um flugsveit skipaða vitskertum og ofbeldishneigðum mönnum sem allir áttu yfir höfði sér dauðadóm. Þetta var nokkurs konar sjálfsmorðssveit því þessir menn höfðu engu að tapa. Aðalhlutverk: Robert Conrad, Simon Oakland og Dana Elcar. **Ekki við hæfi barna.**
0.45 **Dagskrárlok.**



Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Bragi Skúlason flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Ingveldi Ólafsdóttur. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Fréttir á ensku að loknu fréttayfirliti kl. 7.30. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Hanna María eftir Magneu frá Kleifum. Bryndís Jónsdóttir les (3.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 2.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Norðurlandi. Umsjón: Kristján Sigurjónsson og Þröstur Emilsson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Þræðir** – Úr heimi bókmenntanna. Umsjón: Símon Jón Jóhannsson. Lesari: Viðar Eggertsson.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.00 **Í dagsins önn** – Að passa börn. Umsjón: Ásdís Loftsdóttir. (Frá Akureyri)
13.30 **Miðdegissagan:** Í sama klefa eftir Jakobínu Sigurðardóttur. Höfundur les (2.)
14.00 **Fréttir.**
14.03 **Harmoníkuþáttur.** Umsjón: Bjarni Marteinsson. (Endurtekinn frá sunnudagskvöldi.)
14.45 **Íslenskir einsöngvarar og kórar.**
15.00 **Fréttir.**
15.03 **M-hátíð á Austurlandi.** Fyrri þáttur. Umsjón: Inga Rósa Þórðardóttir. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Að vakna með vorinu. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Dvorák og Schubert.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn:** Hanna María eftir Magneu frá Kleifum. Bryndís Jónsdóttir les (3.) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Nútímatónlist.** Þorkell Sigurbjörnsson kynnir.
21.00 **Úr byggðum vestra.** Umsjón: Finnbogi Hermannsson. (Frá Ísafirði)
21.40 **Tónlist.**
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.25 **Vísindin efla alla dáð.** Einar Kristjánsson stjórnar umræðuþætti um háskólamenntun á Íslandi.
23.10 **Djassþáttur** – Jón Múli Árnason. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 2.05 aðfaranótt mánudags.)
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Rugl dagsins kl. 9.25. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Sérþarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir og Ævar Kjartansson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum. – Þjóðarsálin, þjóðfundur í beinni útsendingu kl. 18.03.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann er Vernharður Linnet.
22.07 **Á rólinu.-t með Önnu Björk Birgisdóttur.**
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00. NÆTURÚTVARPIÐ
1.00 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Söngleikir í New York** – Vofan í óperunni. Árni Blandon kynnir söngleikinn The Phantom at the Opera eftir Andrew Lloyd Webber. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi.)
3.00 **Rómantíski róbótinn.**
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi miðvikudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.35 **Næturnótur.**
5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
6.01 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.

98.9 BYLGJAN

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. 19.00 - **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Haraldur Gíslason.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturdagskrá.**
Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Jón Axel Ólafsson.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Jón Axel leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
14.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna. Gunnlaugur tekur hress viðtöl við hlustendur, leikur kveðjur og óskalög í bland við ýmsan fróðleik.
18.10 **Íslenskir tónar.** Þessi geysivinsæli dagskrárliður hefur verið endurvakinn vegna fjölda áskorana. Gömul og góð íslensk lög leikin ókynnt í eina klukkustund.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Haraldur Gíslason.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturstjörnur.**
Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
11.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur. E.
13.30 **Opið hús hjá Bahá'íum.** E.
14.30 **Á mannlegu nótunum.** Flokkur mannsins. E.
15.30 **Laust.**
16.00 **Búseti.** E.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Samtökin '78.**
18.00 **Elds er þörf.** Umsjón: Vinstrisósíalistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem efst er á baugi hverju sinni.
19.00 **Hlustið.** Tónlistarþáttur í umsjá Kristins Pálssonar.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Umsjón: Hulda og Magnea.
21.00 **Í eldri kantinum.** Tónlistarþáttur í umsjá Jóhönnu og Jóns Samúels.
22.00 **Við og umhverfið.** Þáttur í umsjá dagskrárhóps um umhverfismál á Útvarp Rót.
22.30 **Samtök græningja.** E.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt.**

ALFA FM·102,9

17.00 **Blessandi boðskapur** í margvíslegum tónum.
20.00 **Vinsældaval Alfa.** Stjórnandi: Jóhanna Benný Hannesdóttir. (Endturtekið næstkomandi laugardag.)
22.00 **Blessandi boðskapur** í margvíslegum tónum.
24.00 **Dagskrárlok.**

SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur með ráðleggingum.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.** Sakamálaþáttur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
14.45 **The Littles.** Teiknimyndasería.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Is a Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.30 **Hey Dad.**
19.00 **Mr. Belvedere.** Gamanmyndaflokkur.
19.30 **Trapper John.** Gamanmyndaflokkur.
20.30 **Rush.** Framhaldsmyndaflokkur.
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.30 **Top End Down Under.** Ferðaþáttur.

SKY MOVIES

15.00 **The Phantom Kid.**
17.00 **Tarka the Otter.**
19.00 **Winterhawk.**
21.00 **The Falcon and the Snowman.**
23.15 **Unholy Rollers**

EUROSPORT

9.30 **Eurosport – What A Week.**
10.30 **Tennis.** Opna franska meistaramótið.
12.30 **Golf.** British Master.
13.30 **Formúla 1 kappakstur.** Grand Prix keppni í Bandaríkjunum.
14.30 **Box.**
15.30 **Eurosport Menu.**
17.00 **The Derby.** Kappreiðar í Englandi.
17.30 **Trans World Sport.**
18.30 **Tennis.** Opna franska meistaramótið.
20.00 **Mótorhjólakappakstur** Grand Prix í Austurríki.
21.00 **Knattspyrna.** Undankeppni heimsmeistarakeppninnar
22.00 **Ástralski fótboltinn.**

SUPER CHANNEL

13.30 **Poppþáttur.**
14.30 **Hotline.**
16.30 **Transmission.** Popp í Englandi.
17.30 **Richard Diamond.** Sakamálamyndaflokkur.
18.00 **Scarlet Street.** Kvikmynd.
19.35 **Euromagzine.** Fréttaþáttur.
19.45 **Fréttir og veður.**
20.00 **Dempsey and Makepeace.** Spennumyndaflokkur.
20.55 **The Professional.** Spennumyndaflokkur.
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**




**Lag Pauls McCartneys, My Brave Face, var í 72. sæti bandaríska vinsældalistans í síðustu viku. Hver staða lagsins er núna kemur fram á Rótinni í kvöld.**

## Útvarp Rót kl. 22.00:

# Magnamín

Þátturinn Magnamín hefur verið á ýmsum tímum í dagskrá Útvarp Rótar síðan í febrúar. Í sumar verður hann hins vegar alltaf á miðvikudagskvöldum á milli klukkan 22.00 og 23.30 á undan Rótardraugum. Í Magnamín er leikin tónlist af ýmsum vinsældalistum í heiminum. Auk þess munu gömul og góð lög hljóma í eyrum Rótarunnenda. Í sumar kemur gestaplötusnúður í þáttinn sem mun spila þrjú af sínum uppáhaldslögum og öðru hverju verður tónlistargetraun í gangi með góðum vinningum. Þeir sem hafa áhuga á að verða gestir þáttarins geta hringt í þáttinn að honum loknum í síma 623666. Umsjónarmaður Magnamíns er Ágúst Magnússon.

## Rás 1 kl. 10.30:

# Þræðir – úr heimi bókmenntanna

## – á miðvikudögum í sumar

Þræðir eru þáttaröð sem verður á dagskrá rásar 1 á miðvikudagsmorgnum í sumar kl. 10.30. Þar verður fjallað um ýmislegt úr heimi bókmenntanna, einkum íslenskra – ljóð, sögur og brot út stærri verkum auk tónlistar kemur til með að setja svip á þættina. Á hverjum miðvikudegi verður ákveðið viðfangsefni eða hugtak tekið fyrir. Í fyrsta þættinum verður fjallað um söknuðinn. Kvæði Jóhanns Jónssonar, Söknuður, kemur við sögu, lesinn verður kafli úr bók Guðmundar Andra Thorssonar, Mín káta angist, ásamt fleira er þessu efni tengist. Af öðrum viðfangsefnum má nefna: kvenímynd á upplýsingaröld, borgir, unga stúlkan og ástin, gömul afþreyingarsaga frá 18. öld, heimþrá tveggja skálda í Kaupmannahöfn, föðurhlutverkið, regn og fleira. Umsjónarmaður þáttanna er Símon Jón Jóhannsson og honum til aðstoðar við lestur er Viðar Eggertsson. -ÓTT

## Stöð 2 kl. 21.25:

# Bjargvætturinn

McCall tekst á við heróínsmyglhring í þættinum í kvöld sem nefnist Riding the Elephant. Thailensk fjölskylda er viðriðin glæpahring sem tengist sölu á eiturlyfjum. Sirit Bansari er kaupmaður í Kínahverfinu og uppgötvar að verslun hans er notuð sem geymslustaður fyrir heróínsendingar. Narong, sonur hans, er ástfanginn af Malliku og þau tengjast eiturlyfjasalanum Jimmy Thanarat. Narong er neyddur til að vinna sem dreifingaraðili fyrir Thanarat. Bansari er hneykslaður á veikleika sonar síns og hendir síðustu heróínsendingu í ruslið. Þegar Narong kemur að ná í eiturlyfin eru þau horfin. Mallika hefur áhyggjur af öryggi Narongs og föður hans og hefur samband við McCall. Hann finnur Narong þar sem hann særist og Mallika er í hættu. McCall kemst síðan að því að eiturlyfjaviðskiptin eru notuð í skiptum fyrir upplýsingar. -ÓTT



**McCall rannsakar heróínsölu í Kínahverfinu í kvöld.**